

**Atli Harðarson**

## **Höldum áfram að kenna dönsku í framhaldsskólum**

Nú vinna framhaldsskólar að nýjum námskrám í samræmi við lög um skólamál sem Alþingi samþykkti vorið 2008. Við suma skóla er, að mér skilst, ráðgert að stytta nám til stúdentsprófs. Einnig mun rætt um alls konar breytingar á því hvað nemendum skuli kennt og hvernig.

Flogið hefur fyrir að sumir framhaldsskólar hyggist draga úr dönskukennslu eða hætta henni jafnvel alveg. Fylgir gjarna sögu að ef námið styttist verði eitthvað að víkja. Vonandi er þetta bara kjaftæði. Mér finnst samt rétt að minna á mikilvægi þessarar námsgreinar ef einhverjir, sem stjórna námskrárgerð fyrir framhaldsskóla, skyldu ekki átta sig á hvílíkt óheillaspor það yrði að hætta að kenna hana.

Ef danska hættir að vera skyldunámsgrein í framhaldsskólum mun áhersla á að kenna hana og nema á unglíngastigi grunnskóla að öllum líkindum minnka. Það er eitt af keppikeflum gunnskólanna að búa nemendur sína sem best undir áframhaldandi nám, svo þar er víðast hvar lögð heldur meiri en minni áhersla á greinar sem unglíngarnir halda áfram að læra eftir að þeir eru komnir í framhaldsskóla. Ef danskan fellur niður úr kjarna á námsbrautum framhaldsskólanna held ég þeim fækki því mjög sem kunna hana að nokkru gagni.

Þetta getur haft allmiklar afleiðingar, eins og þær að færri Íslendingar fari í framhaldsnám á Norðurlöndum; Færra fólk á æðstu stöðum í stjórnsýslunni kynntist norrænum jafningjum sínum; Lögfræðingar geri minna af því að nota danska eða norska dóma sem heimildir og fyrirmyndir. Til langs tíma verður afleiðing þess að afnema dönsku sem skyldunámsgrein trúlega sú að stjórnsýsla, réttarfar og almennur þankagangur hér á landi verða í minna mæli, en verið hefur, í takti við það sem gerist á öðrum Norðurlöndum.

Einhverjir hugsa kannski sem svo að stór hluti unglínga hafi lítinn hag af kunnáttu í dönsku og muni nota ensku í samskiptum sínum við Dani og aðra Norðurlandabúa. Mér þykir ekki eftirbreytnivert að hugsa svona, en hér er ekki rúm til að elta ólar við þá vitleysuna. Hvað sem menn halda um hag hvers og eins af því að kunna sjálfur dönsku, hljóta þeir sem á annað borð vilja að Ísland sé hluti af Norðurlöndunum að viðurkenna að það sé okkur öllum til góðs að dönskukunnátta sé almenn og útbreidd.

Sterk tengsl við norrænar hefðir í stjórnsýslu og réttarfari hafa reynst okkur vel og þessi tengsl veikjast óhjákvæmilega ef dregið verður úr dönskukennslu í framhaldsskólum.